

Reykjavík, 16. október 2017
R16120003
0221
HBL/bp

Borgarráð

Á fundi forsætisnefndar þann 13. október 2017 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. október 2017, varðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina frá 1. desember 2016 um ritun umræðna á fundum borgarstjórnar. Jafnframt var lögð fram umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 4. ágúst 2017.

Forsætisnefnd tók undir umsagnir skrifstofu borgarstjórnar og fjármálaskrifstofu.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Umsögn skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. október 2017
Umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 4. ágúst 2017

Forsætisnefnd

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um ritun umræðna á fundum borgarstjórnar.

Á fundi borgarráðs 1. desember sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina:

Lagt er til að umræður í borgarstjórn verði að nýju gerðar aðgengilegar á rituðu formi. Umræðurnar verði birtar á vefsíðu borgarinnar og almenningi þannig gert kleift að fletta upp ræðum um ákveðin mál eða ræðum kjörinna fulltrúa með sama hætti og gert er á vefsíðu Alþingis. Með því verður gagnsæi aukið varðandi starfsemi kjörinna fulltrúa og gagnavinnsla auðvelduð, t.d. þegar skýra þarf stefnumarkandi ákvarðanir borgarstjórnar eftir á.

Tillögunni var vísað til umsagnar forsætisnefndar sem óskaði í framhaldi eftir umsögn fjármálaskrifstofu sem barst 15. ágúst sl. Í kostnaðargreiningu skrifstofu borgarstjórnar sem vísað er til í umsögninni kemur fram að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir a.m.k. einu stöðugildi sérhæfðs ritara á skrifstofu borgarstjórnar til að annast innslátt á ræðum. Einnig þarf að gera ráð fyrir sérhæfðum upptökubúnaði og breytingum á tölvukerfi.

Skrifstofa borgarstjórnar hefur, í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar um rafræna stjórnsýslu, lagt áherslu á það frá árinu 2012 að færa útsendingar borgarstjórnar til nútímalegri horfs. Var því tekin ákvörðun um það að hverfa frá hefðbundnum innslætti ræðna eins og áður þekktist og leggja þess í stað áherslu á beina útsendingu fundanna í útvarpi og á vef Reykjavíkurborgar. Einnig eru öll gögn borgarstjórnar nú aðgengileg öllum á vefnum frá því að fundur er boðaður. Skrifstofa borgarstjórnar leggur áherslu á að þeir fjármunir sem veittir eru til útsendingar borgarstjórnarfunda verði nýttir í tækniþróun svo unnt verði að taka næsta skref í bættu aðgengi á vefnum. Á verkefnalista skrifstofunnar er að bæta enn frekar leitarmöguleika á vefnum þannig að hægt verði að leita í myndupptökum að stökum ræðum einstakra borgarfulltrúa og ræðum um aðgreind málefni. Er því frekar mælt með því að gera

stóráttak á þeim vettvangi en með því að taka að nýju upp innslátt á ræðum.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

Málsnr.: R16120003
Skjalasafn Ráðhúss

15. ágú. 2017

Bréfalykill: 0221

R16120003
4. ágúst 2017
BBS/ESB

UMSÖGN

Til: Borgarráðs

Frá: Fjármálastjóra

Efni: Tillaga um ritun umræðna á fundum borgarstjórnar

Óskað hefur verið eftir umsögn Fjármálaskrifstofu um eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina:

Lagt er til að umræður í borgarstjórn verði að nýju gerðar aðgengilegar á rituðu formi. Umræðurnar verði birtar á vefsíðu borgarinnar og almenningi þannig gert kleift að fletta upp ræðum um ákveðin mál eða ræðum kjörinna fulltrúa með sama hætti og gert er á vefsíðu Alþingis. Með því verður gagnsæi aukið varðandi starfsemi kjörinna fulltrúa og gagnavinnsla auðvelduð, t.d. þegar skýra þarf stefnumarkandi ákvarðanir borgarstjórnar eftir á.

Í eftirfarandi töflu er kostnaðargreining skrifstofu borgarstjórnar. Áætlað er að stofnkostnaður vegna breytingar á tölvukerfi og uppsetningu leitarvélar geti orðið allt að **5 mkr.** Þá er gert ráð fyrir því að árlegur rekstrarkostnaður nemi um **6,7 mkr.** Þar af er árgjald upptökuhugbúnaðar um 0,5 mkr og kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda um 6,2 mkr. Í útreikningunum er gert ráð fyrir 75% stöðugildi. Til viðbótar við þennan kostnaðarauka bætist ýmis viðbótarkostnaðar s.s. vegna síma, tölvu og endurmenntunar sem getur hlaupið á nokkrum hundruðum þúsunda króna.

Ræðuritun áætlaður kostnaður	
Breyting á tölvukerfi	5.000.000
Stofnkostnaður	5.000.000
Hugbúnaður	500.000
Stöðugildi (75%)	6.187.500
Kostnaður per ár	6.687.500

Borgarstjórnarfundir eru í dag sendir út í vefútsendingu og útsendingar eru öllum aðgengilegar aftur í tímann. Verði tillagan samþykkt mun kostnaður við ræðuritun bætast við þann kostnað þar sem samlegðaráhrif eru lítil sem engin. Áætlun 2017 gerir ráð fyrir að kostnaður vegna vefútsendinga verði um 5,2 mkr og því yrði heildarkostnaður vegna útsendinga og ræðuskrafa um **11,9 mkr** á ári (um **0,5 mkr** á borgarstjórnarfund) og myndi þannig meira en tvöfaldast.

Fjármálaskrifstofa vill í þessu samhengi benda á að í september 2016 skrifuðu Alþingi og Háskólinn í Reykjavík undir samstarfssamning um þróun og innleiðingu á talgreini. Verkefnið er til tveggja ára og stefnt er að því að hugbúnaðurinn verði nýttur við fyrsta skrefið í ræðuritun. Ljóst er að talgreinir felur í sér mikil tækifæri við ritun umræðna en fullsnemmt er að leggja mat á kostnað við slíkan hugbúnað þar sem hann er enn á þróunarstigi. Hér gæti engu að síður verið á ferðinni ódýrari og nútímalegri lausn ef ræðuritun er yfirleitt talin nauðsynleg.

Það er mat fjármálaskrifstofu að tillaga um að taka aftur upp ræðuritun í borgarstjórn feli í sér ákveðið afturhvarf frá þeirri stefnu að gera stjórnsýslu borgarinnar nútímalega og eins hagkvæma og kostur er. Þegar ræðuritun var hætt árið 2012 var litið á það sem aðgerð til sparnaðar og markvisst skref í átt að rafrænni stjórnsýslu. Borgarfulltrúar eins og almenningur eiga í dag fullan aðgang að þessu efni á vef borgarinnar og geta hlustað á allar umræður í borgarstjórn.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri